



13. mars 2023

VAXTARTÆKIFÆRI HAGKERFISINS Í ÖFLUGUM IÐNAÐI

- Fjölmörg tækifæri til vaxtar hagkerfisins eru í íslenskum iðnaði. Áform eru innan greinarinnar um verulega aukningu í útflutningi og brýnt er að ráðast í þjóðhagslega arðvænlegar fjárfestingar í innviðum. Ef af þessum áformum verður munum við sjá meiri hagvöxt á næstu árum en nú er reiknað með í hagvaxtarspám. Við gætum jafnvel séð verulega aukinn hagvöxt ef vel tekst til.
- Í hagkerfinu starfar einn af hverjum fjórum í iðnaði. Heildarfjöldi launþega í greininni var 47 þúsund í lok síðastliðins árs eða 23% af heildarfjölda launþega í hagkerfinu öllu. Iðnaður hefur staðið undir 30% af allri fjölgun launþega í hagkerfinu á síðustu tíu árum, tímabili sem inniheldur tvær uppsveiflur í íslensku efnahagslífi.
- Veltan í iðnaði nam 1.963 mö.kr. á síðastliðnu ári sem nemur 31% af heildarveltu hagkerfisins. Veltan í iðnaði hefur tvöfaldast síðan árið 2014. Skýrist aukningin af auknum umsvifum í greininni og verðbreytingum.
- Iðnaður stendur undir 23% verðmætasköpunar hagkerfisins og mun meira ef óbein áhrif greinarinnar eru tekin með. Hlutdeild greinarinnar í hagvexti síðustu tíu ára er 30%. Litið til næstu ára er viðbúið að hlutdeild greinarinnar í hagvexti verði meiri, jafnvel umtalsvert meiri.
- Iðnaður er stærsta greinin í útflutningi hagkerfisins. Útflutningstekjur greinarinnar í fyrra voru 761 ma.kr. eða 44% útflutningstekna hagkerfisins.
- Fjölbreytt flóra 6.200 iðnfyrirtækja starfa um land allt. Fyrirtækin eru stór og smá í öllum greinum iðnaðar.
- Hugverkaiðnaður hefur verið hratt vaxandi grein í útflutningi og skilaði greinin í fyrra 239 mö.kr. í útflutningstekjur sem er nær fimmföldun frá árinu 2008. Vægi greinarinnar í útflutningi hagkerfisins var 14% í fyrra.
- Samkvæmt könnun SI meðal nokkurra fyrirtækja í hugverkaiðnaði munu útflutningstekjur greinarinnar þrefaldast fram til ársins 2027 og verða þá 700 ma.kr. Útflutningstekjur hagkerfisins í heild munu aukast um nær fjórðung við þetta. Áhrif þessa á hagkerfið verða veruleg en þetta mun auka verðmætasköpun, fjölga vel launuðum störfum og breyta samsetningu útflutningstekna yfir í að verða meira hugvitsdrifin.
- Það er brýn þörf fyrir uppbyggingu innviða hér á landi hvort sem er í uppbyggingu orkukerfis, íbúða eða samgangna. Orkuskiptin sem eiga að eiga sér stað fyrir árið 2040 útheimta um 800 ma.kr. fjárfestingu. Ríki og sveitarfélög hafa gert með sér rammisamkomulag um byggingu 35 þúsund nýrra íbúða á næstu tíu árum. Um er að ræða 2 þúsund milljarða fjárfestingu sem er 40% aukning í íbúðafjárfestingu m.v. síðastliðin 10 ár. Þessu til viðbótar er mikil uppsöfnuð fjárfestingar- og viðhaldsþörf í samgöngukerfinu en uppbygging og viðhald kerfisins útheimtir samanlagt um 730 ma.kr. fjárfestingu. Efnahagslegur ávinningur þessara innviðaframkvæmda verður mikill.
- Til þess að tækifærin í iðnaðinum séu nýtt til aukinnar vermætasköpunar þarf umbætur í menntamálum, hvata til fjárfestinga í nýsköpun, innviðauppbyggingu og einfalt og skilvirkt regluverk og starfsumhverfi fyrirtækja. Tryggja þarf aukið framboð af grænni orku til fullra orkuskipta og uppbyggingar í iðnaði um land allt, fjölga þarf iðn-, tækni- og verkmenntuðu starfsfólki, greiða götu framkvæmda og setja kraft í innviðafjárfestingu, ekki síst í samgöngum, húsnæði og orkuskiptum.


IÐNAÐURINN UMFANGSMIKILL Í ÍSLENSKU EFNAHAGSLÍFI

Iðnaður er stærsta grein hagkerfisins. Það skiptir því miklu fyrir hagkerfið í heild hvernig greinin þróast.

Iðnaður er umfangsmestur þegar kemur að útflutningi landsins. Útflutningstekjur greinarinnar í fyrra voru 761 ma.kr. eða 44% útflutningstekna hagkerfisins. Til samanburðar voru tekjur af erlendum ferðamönnum 448 ma.kr. í fyrra og tekjur af útfluttum sjávarafurðum 349 ma.kr.

Í iðnaði starfar um einn af hverjum fjórum í hagkerfinu. Heildarfjöldi launþega í greininni var 47 þúsund í lok síðastliðins árs eða 23% af heildarfjölda launþega í hagkerfinu öllu. Til samanburðar var fjöldi launþega í ferðaþjónustu 28 þúsund á sama tíma og 8.500 í sjávarútvegi.

Veltan í iðnaði nam 1.963 mö.kr. á síðastliðnu ári sem er 31% af veltu í hagkerfinu. Til samanburðar var velta í einkennandi greinum ferðaþjónustu 746 ma.kr. og 522 milljarðar í sjávarútvegi. Veltan í iðnaði hefur tvöfaldast síðan árið 2014. Skýrist aukningin af auknum umsvifum í greininni og verðbreytingum.




Heimild: Hagstofa Íslands

Iðnaður stendur undir 23% verðmætasköpunar hagkerfisins og mun meira ef óbein áhrif greinarinnar eru tekin með. Sýnir það framlag iðnaðarins til þess merka árangurs að efnahagsleg lífsgæði hér á landi eru með því besta sem gerist í heiminum.

Líkt og vægi iðnaðarins í verðmætasköpun hagkerfisins ber vitni um hefur vægi iðnaðarins í vexti hagkerfisins síðustu ár og áratugi verið umtalsvert. Hlutdeild greinarinnar í hagvexti síðustu tíu ár nemur 30% og hlutdeild greinarinnar í fjölgun starfandi í hagkerfinu hefur verið viðlíka eða 30%. Ef vel tekst að nýta þau tækifæri sem nú eru í iðnaði til vaxtar hagkerfisins á næstu árum er viðbúið að hlutdeild greinarinnar í hagvexti og fjölgun starfa verði meiri, jafnvel umtalsvert meiri.


Útflutningstekjur eftir greinum Í milljörðum króna



Heimild: Hagstofa Íslands


Framúrskarandi lífskjör hér á landi byggja á útflutningstekjum. Innan iðnaðarins eru tvær af fjórum stoðum útflutnings, þ.e. hugverkaiðnaður og orkusækinn iðnaður. Umtalsverður vöxtur hefur verið í útflutningstekjum beggja þessara útflutningsstoða undanfarin ár. Iðnaður hefur tvöfaldað gjaldeyristekjur sínar á síðustu fimm árum og nemur aukningin 70% af heildaraukningu útflutningstekna þjóðarbúsins á þessum tíma.

Útflutningstekjur iðnaðar Í milljörðum króna



Heimild: Hagstofa Íslands

Fjölbreytt flóra 6.200 iðnfyrirtækja starfa um land allt. Fyrirtækin eru stór og smá í öllum greinum iðnaðar. Það er þessi fjölbreytileiki sem er styrkur iðnaðarins og rennir stoðum undir samfélagið allt, sama hvar á landinu. Fjölbreytileiki iðnaðarins skapar efnahagslegan stöðugleika sem skiptir sköpum fyrir samkeppnishæfni hagkerfisins og hag heimilanna. Á myndinni hér að neðan sést hvernig þeir 47 þúsund launþegar sem eru í greinininni og þau 6.200 fyrirtæki sem í greininni starfa dreifast um landið. Dreifingin er í samræmi við dreifingu fólksfjöldans og því hægt að segja með sanni að iðnaðurinn sé máttarstölpur atvinnulífs um allt land.




Heimild: Hagstofa Íslands

MIKIL VAXTARTÆKIFÆRI Í ÚTFLUTNINGI HUGVERKAIÐNAÐAR

Hugverkaiðnaður hefur verið hratt vaxandi grein í útflutningi og skilaði greinin í fyrra 239 mö.kr. í útflutningstekjur sem er nær fimmföldun frá árinu 2008 samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands.

Samtök iðnaðarins gerðu könnun meðal nokkurra fyrirtækja í hugverkaiðnaði á því hvers þau vænta í auknum útflutningstekjum litið til næstu fimm ára. Niðurstaðan er sú að fyrirtækin sjá fyrir sér að auka útflutningstekjur sínar samanlagt um ríflega 460 ma.kr. fram til ársins 2027. Ef af þessu verður munu útflutningstekjur greinarinnar nær þrefaldast og verða 700 ma.kr. árið 2027. Útflutningstekjur þjóðarbúsins í heild munu aukast við þetta um fjórðung. Áhrif þessa á hagkerfið verða veruleg en þetta mun bæði auka verðmætasköpun og fjölga vel launuðum störfum.

Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar
í milljónum króna



Heimild: Hagstofa Íslands og niðurstaða spurningakönnunar SI


Innan greinarinnar eru fyrirtæki sem hafa verið í miklum vexti undanfarið og áform þeirra um vöxt litið til næstu ára eru stór. Það er ljóst að hugverkaiðnaður getur orðið verðmætasta útflutningsstoð hagkerfisins innan fárra ára. Lífskjör okkar eru háð auknum útflutningstekjum og í hugverkaiðnaði liggja gríðarleg tækifæri.

MIKIL VAXTARTÆKIFÆRI Í ARÐVÆNLEGUM INNVIÐAFRAMKVÆMDUM

Það er brýn þörf fyrir uppbyggingu innviða hér á landi hvort sem er í uppbyggingu orkukerfis, íbúða eða samgangna. Samanlagt eru þetta fjárfestingar fyrir ríflega 3.500 ma.kr. Allt eru þetta fjárfestingar sem eru til þess fallnar að hækka fjárfestingarstigið í hagkerfinu og renna stoðum undir framleiðslugetu og þar með verðmætasköpun hagkerfisins litið til lengri tíma. Um er að ræða fjölda verkefna sem geta skilað miklum þjóðhagslegum ávinningi.

Orkuskiptin sem eiga að eiga sér stað fyrir árið 2040 útheimta um 800 ma.kr. fjárfestingu. Brýnt er að ráðast í þessar framkvæmdir til að ná loftslagsmarkmiðum Íslands og stuðla um leið að auknu orkuöryggi og orkusjálftæði Íslands. Efnahagslegur ávinningur þeirra framkvæmda verður mikill.

Ríki og sveitarfélög hafa gert með sér rammasamkomulag um byggingu 35 þúsund nýrra íbúða á næstu tíu árum. Markmiðið er að framboð nýrra íbúða mæti þörfum landsmanna en talsvert hefur skort upp á það á síðustu árum. Um er að ræða 2 þúsund milljarða fjárfestingu og tæplega 40% aukning í íbúðafjárfestingu m.v. síðastliðin 10 ár.



Þessu til viðbótar erum við með mikla uppsafnaða fjárfestingar- og viðhaldsþörf í samgöngukerfinu en uppbygging og viðhald samgöngukerfisins hefur ekki verið í takti við þarfir atvinnulífs og heimila um langt skeið. Tafir á framkvæmd þeirra kosta samfélagið allt mikið. Samanlagt er þetta um 730 ma.kr. fjárfesting.

HVAÐ MUN HELST HEFTA VÖXTINN?

Til þess að tækifærin sem blasa við okkur í iðnaði skili sér í aukinni verðmætasköpun og fjölgun starfa þarf starfsumhverfi þeirra hér á landi að vera þeim hagnafullt. Samtök iðnaðarins hafa um árabil hvatt stjórnvöld til að efla samkeppnishæfni Íslands. Það er gert með umbótum í menntamálum, hvötum til fjárfestinga í nýsköpun, innviðaupbyggingu, og einföldu og skilvirku regluverki og starfsumhverfi fyrirtækja. Tryggja þarf aukið framboð af grænni orku til fullra orkuskipta og uppbyggingar í iðnaði um land allt, fjölga þarf iðn-, tækni- og verkmenntuðu starfsfólki, greiða götu framkvæmda og setja kraft í innviðafjárfestingu, ekki síst í samgöngum, húsnæði og orkuskiptum.

Greiða þarf götu framkvæmda í þágu orkuskipta. Rjúfa þarf áralanga kyrrstöðu í orkuöflun til að mæta raforkuþörf vegna orkuskipta á Íslandi og nýrra tækifæra í iðnaði. Skortur á raforku hefur þegar leitt til tapaðra tækifæra í iðnaði og atvinnuuppbyggingu um land allt á síðustu árum. Bæta þarf flutningskerfi raforku í þágu orkuöryggis, bættrar orkunýtingar og aðgengis að raforku um land allt. Við þessu þarf að bregðast hratt.

Endurskoða þarf aðgerðir í loftslagsmálum og forgangsraða fjármagni ríkisins í hvata og styrki til orkuskipta og tækniinnleiðingar til þess að ná markmiðum stjórnvalda og draga úr losun á Íslandi í grænni iðnbyltingu. Verði það ekki gert með afgerandi hætti mun Ísland verða eftirbátur annarra ríkja í þessum efnum og mun það koma niður á samkeppnishæfni til framtíðar.

Kallað er eftir auknu samstarfi við stjórnvöld og skólasamfélagið um að hvetja fleiri til náms í iðngreinum og í STEM greinum auk þess að sameinast um aðgerðir til að draga úr brottfalli þannig að fleiri útskrifist úr þessum greinum. Stjórnvöld þurfa samhliða að stórauka fjárframlög til þessara greina og bæta aðgengi um allt land til að tryggja að öll sem vilja hefja nám eigi þess kost.

Festa þarf skattahvata vegna rannsókna og þróunar í sessi til frambúðar en það mun skapa aukinn fjárfestingu og stuðla að því að fyrirtæki geri langtímaáætlanir um fjárfestingu í rannsóknum og þróun hér á landi.

Greiða þarf götu erlendra sérfræðinga til Íslands. Aðgerðum háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um einföldun ferla er fagnað en huga þarf að alþjóðlegum skólum og öðru sem einfaldar aðgang fólks að íslensku samfélagi.

Yfirlýsing innviðaráðherra um uppbyggingu 35 þúsund íbúða á næsta áratug er fagnaðarefni sem og samkomulagi við Reykjavíkurborg. Önnur sveitarfélög þurfa að gera sambærilega samninga en slíkt leggur grunn að stöðugleika á húsnæðismarkaði en á sama tíma þarf að grípa til markvissra aðgerða til að bæta starfsumhverfi húsbýggjenda.

Stórauka þarf framlög til rannsókna í mannvirkjagerð til að undirbyggja aukin gæði, draga úr tjóni og stuðla að framþróun til að mæta áskorunum tengdum umhverfismálum og aukinni tæknivæðingu í iðnaði.

Uppsöfnuð viðhaldspörf í innviðum landsins er mjög mikil og skorar á stjórnvöld – ríki og sveitarfélög – að vinna á uppsafnaðri þörf, eftir atvikum með samvinnu við einkamarkaðinn, á næstu árum samhliða nýfjárfestingum.

Flækjustig í regluverki er óþarflega mikið og stendur það uppbyggingu í iðnaði fyrir þrífum. Stjórnvöld þurfa að einfalda regluverk og eftirlit með starfsemi fyrirtækja og stuðla þannig að auknum stöðugleika í rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi.